

dómurinn að vera óraskaður. Svo greiði hinn ákærði og allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar með talin málflytningu- og sýkna- og svaramanns fyrir yfirdómi, málaflutningsmannanna Guðlaugs Guðmundssonar og Hannesar Hafsteins, 10 krónur til hvors.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Mánudaginn 20. júnímán.

Nr. 23/1887.

Lárus Pálsson
 gegn
 Jörgen Hansen.

D ó m u r :

Með dómi aukarjettar Gullbringu- og Kjósarsýslu, gengnum 25. febrúarm. þ. á., var áfrýjandi þessa máls, Lárus Pálsson, dæmdur til að greiða hinum stefnda, kaupmanni Jörgen Hansen, verzlunarskuld að upphæð 245 kr. 37 aura og 5% af þessari upphæð frá sáttakærudegi 19. okt. 1886, þangað til greitt er, svo og málskostnað með 10 krónum.

Þessum dómi hefur Lárus Pálsson skotið til yfirdómsins með stefnu 31. marzmán. þ. á., og krafist fyrst og fremst, að hann verði dæmdur sýkn af kærnum og kröfum stefnda í þessu máli, að stefndi verði sektaður fyrir óþarfa máls-ýfingu og dæmdur til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir báðum rjettum með 50 krónum; en til vara, að áfrýjandinn verði losaður við að greiða 3 kr. 50 aur. af hinni umstefndu skuld, og að honum

verði til dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi með 30 kr. eða einhverju nægilegu eptir mati rjettarins. Á hinn bóginn hefur hinn stefndi krafzt, að hinn áfrýjandi dómur verði staðfestur, en áfrýjandinn dæmdur til að greiða stefnda allan kostnað málsins fyrir yfirdómi með 60 kr., eða einhverju nægilegu eptir mati rjettarins.

Áfrýjandi hefur kannast við, að hann sje í verzlunarskuld við stefnda um 241 kr. 87 aur., en að 3 kr. 50 aura virði af skuld þeirri, er hinn stefndi kallar eptir, hafi heimildarlaust verið tekið út í reikning hans, en hann hefur haldið því fram, að skuldin hafi ekki verið komin í gjalddaga, þá er hennar var krafzt. Eptir því sem fram er komið í málinu, var ekkert samið milli málsaðila um, hvenær skuldin skyldi greiddast, og átti stefndi því heimting á, að fá hana greidda þegar í stað, er hún var til komin; það ber því að skylda áfrýjanda til að greiða hinum stefnda 241 kr. 87 aura með 5% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags. Að því snertir þær 3 kr. 50 aura, er áfrýjandi telur heimildarlaust teknar út úr reikningi sínum, þá verður ekki betur sjeð, en að hann nógu tímanlega hafi komið fram með þessa mótbáru gegn reikningnum, þar sem hann gjörði það þegar á fyrsta stigi málsins fyrir undirrjetti. Á hinn bóginn verður eigi álitid, að hann hafi viðurkennt þennan pósti í reikningi stefnda með brjefi sínu 11. okt. f. á., því að reikningur sá, er brjefid um getur, hefur eigi verið fram lagður. Með því að stefndi eigi hefur fært nokkra sönnun fyrir þessum pósti reikningsins og eigi einu sinni sannað, að hann hafi verið samkvæmur löggiltri verzlunarbók, þá getur hann eigi fengið dóm fyrir nefndum 3 kr. 50 aurum.

Um málskostnað í hjeraði á hinn áfrýjaði dómur að vera óraskaður, en málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður. Engin ástæða er til þess að sekta stefnda fyrir óþarfa máls-yfingu.

Því dæmist rjett að vera:

Áfrýjandinn, Lárus Pálsson, á að greiða hinum stefnda, kaupmanni Jørgen Hansen, 241 kr. 87 au. með 5% vöxtum frá 19. okt. f. ár til borgunardags. Um málskostnað í hjeraði á aukarjettardómurinn að vera óraskaður, en málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Mánudaginn 27. júnímán.

Nr. 29/1886.

Björn prestur Þorláksson
 gegn
 Ottho Wathne.

D ó m u r :

Með því að mál þetta, sem risið er út af meidyrðum, hefur í hjeraði verið höfðað og dæmt sem lögreglumál, þar sem þó eptir inngangi tilskipunar 15. ágústmán. 1832 átti að fara með það eptir nefndri tilskipun, en ekki sem lögreglumál, og með því að hjeradsdómsgjörðirnar bera það með sjer, að hinn reglulegi dómari, Einar Thorlacius, sýslumaður í Norðurmúlasýslu, hafi samið dóminn, en sýslumaðurinn í Suðurmúlasýslu, er var